

Mál nr. 61/2026

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Starfsábyrgðartrygging lögmanna.

Váttryggingartaki (X)

Skaðabótaábyrgð. Sönnun.

Gögn.

1. Málskot dags. 5. febrúar 2026 ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 27. mars 2026 ásamt fylgiskjali.
3. Viðbótarathugasemdir M dags. 10. apríl 2026.
4. Viðbótarathugasemdir V dags. 24. apríl 2026 ásamt fylgiskjali.
5. Viðbótargögn frá M dags. 9. júní 2026.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M telji sig hafa orðið fyrir bótaskyldu tjóni af hálfu lögmansins X vegna vanrækslu og aðgerðaleysis hins síðarnefnda. Forsaga málsins sé sú að X hafi tekið að sér að reka slysamál M gagnvart V2 en M hafi orðið fyrir umferðarslysi hinn 15. október 2018. X hafi tekið á móti skaðabótum vegna uppgjörs málsins með ítarlegum fyrirvörum 10. mars 2022. Í kjölfar þess hafi X hætt að sinna málinu þrátt fyrir ítrekaðar verkbeiðnir X með tölvupóstum, símtölum og skilaboðum. X hafi ekki fylgt því eftir að fá dómkvadda matsmenn til að meta afleiðingar slyssins að nýju eða að fá tímabundið atvinnutjón að fullu bætt. Þá hafi X heldur ekki sinnt því að gera kröfu um skaðabætur úr hendi tjónvalds á grundvelli a-liðar 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Aðgerðaleysi og vanræksla X hafi leitt til þess að kröfur M gagnvart V2 töldust fyrndar þegar reynt var á frekari kröfur vegna tímabundins atvinnutjóns og skaðabætur á grundvelli fyrrgreinds ákvæðis skaðabótalaga. Í dómi héraðsdóms hafi þó verið fallist á að tjónvaldur í umferðarslysinu hefði sýnt af sér stórkostlegt gáleysi. Með afstöðubréfi dags. 3. október 2025 hafi V hafnað bótaskyldu úr ábyrgðartryggingu X, en jafnframt hafi V hafnað því að standa að öflun sameiginlegrar matsgerðar og því að greiða kostnað vegna reksturs umrædds dómsmáls í héraði. Með tölvupósti, dags. 17. apríl 2024, hafi X staðfest móttöku á afturköllun á umboði. Tölvupóstur M til X, dags. 20. október 2023, hafi aldrei verið staðfestur um móttöku og hafi ekki uppfyllt skilyrði um afturköllun umboðs að mati V2, váttryggingafélags tjónvalds í umræddu umferðarslysi. Þann póst hafi M sent í mikilli reiði í garð X. Samskipti hafi þó komist á að nýju og M haldið áfram tilraunum til að fá X til að vinna áfram að málinu.

Í málskoti er byggt á því að lögmaður beri skaðabótaábyrgð á störfum sínum eftir almennum reglum, sbr. 1. mgr. 25. gr. laga nr. 77/1998 um lögmenn, með þeim ríku kröfum sem gerðar séu til sérfræðinga. Samkvæmt 18. gr. sömu laga sé sú skylda lögð á lögmenn að rækja af alúð þau störf sem þeim er trúað fyrir og neyta allra lögmæta úrræða til að gæta lögvarinna hagsmuna umbjóðenda sinna. Hafi X brotið gegn þeim skyldum með því að hafa ekki með nokkrum hætti fylgt eftir fyrirvörum sem gerðir voru við bótauppgjör, með því að hafa ekki óskað eftir dómkvöddum matsmönnum til að endurmeta afleiðingar slyssins og með því að sækja ekki um gjafsókn fyrir hönd M. Vegna þessarar háttsemi hafi kröfur M á hendur V2 fyrnst, sbr. niðurstöðu umrædds héraðsdóms. Þar komi þó m.a. fram að engar skýringar hafi verið lagðar fram af hálfu V2 varðandi það af hverju munað hafi 2.044.082 kr. á greiðslu til M þrátt fyrir rétt hans og viðurkenningu á tímabundnu atvinnutjóni. Megi gera ráð fyrir að M hefði fengið dóm fyrir þeirri fjárhæð hefði krafa hans ekki talist fyrnd. Þá hafi verið fallist á það með M að slysinu 15. október 2018 hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi. X hafi hins vegar hvorki krafist skaðabóta á grundvelli þess né gert fyrirvara vegna slíkrar kröfu við bótauppgjör. Þá hafi M reynt að sækja þjónustu annarra lögmanna en X, en enginn þeirra hafi viljað taka að sér málið þar sem X hafi verið með umboð frá M.

Í bréfi V til nefndarinnar er vísað til þess að sönnunarbyrði þess að X hafi sýnt af sér saknæma háttsemi hvíli á M. Sé afstaða V sú að slík sönnun hafi ekki tekist. Alþekkt sé að lögmenn taki við bótum fyrir hönd umbjóðenda sinna með fyrirvara og það eitt og sér dugi ekki til staðfestingar á því að M hefði getað átt frekari bótarétt. M hafi ekki lagt fram gögn sem sýni með óyggjandi hætti að fjárhæð bóta hafi verið vanáætluð í uppgjöri V2 hinn 10. mars 2022 þannig að umræddir fyrirvarar hefðu átt að virkjust.

Enn fremur telji V að gögn málsins staðfesti að M hafi afturkallað umboð sitt til X áður en tímamark fyrningar rann upp. Engin gögn liggi fyrir um meint samskipti M og X eftir það tímamark og hafi M ekki með réttu mátt gera ráð fyrir því að X væri að vinna að málinu. Hafi verið um vanrækslu af hálfu X að ræða skorti þá að sýnt sé fram á að slík háttsemi hafi leitt til tjóns fyrir M. Gögn málsins staðfesti ekki að M eigi tilkall til frekari bóta vegna tímabundins atvinnutjóns eða miskabóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Í títtnefndum héraðsdómi hafi mismunur á kröfu M og greiðslu V2 ekki verið talinn útskýrður. Þá hafi M ekki átt bótarétt á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga, og séu ummæli í dómnum um stórkostlegt gáleysi tjónvalds með öllu órökstudd og bersýnilega röng. Jafnvel þó tjónvaldur hafi ekið á móti rauðu ljósi og borið sök á árekstri aðila sé ekki þar með sagt að stórkostlegt gáleysi hafi verið fyrir hendi. Hafi það verið faglegt mat X að ekki væri til staða bótaréttur á þeim grundvelli og það að hann hafi ekki gert fyrirvara varðandi það við bótauppgjör verði ekki talin mistök af hans hálfu. Verði komist að þeirri niðurstöðu að X hafi sýnt af sér vanrækslu, en að kröfur M hafi ekki verið fyrndar árið 2025, verði þá að líta til þess að M hafi ekki áfrýjað héraðsdómnum. Verði að hafa hliðsjón af tjónstakmörkunarskyldu hans í því samhengi. Að öllu framangreindu virtu sé bótaskylda ekki fyrir hendi.

Í viðbótarathugasemddum M er vísað til þess að með málskoti hafi fylgt „gagnabunki“ um samskipti M við X. Allan þann tíma hafi X verið með umboð og ekki sagt sig frá málinu. Engin gögn bendi til þess að X hafi verið ómögulegt að ná fram betri niðurstöðu í máli M með dómkvaðningu matsmanna enda hafi X samið óvenju ítarlega fyrirvara við bótauppgjör V2. Þá liggi ekkert fyrir um að X hafi hafnað verkbeiðnum M. Eftir meinta afturköllun umboðs, dags. 20. október 2023, hafi M fengið símtal frá X. Hafi M verið beðinn um að senda formlega beiðni um málssókn en þeirri beiðni hafi ekki verið sinnt. Framkoma X hafi verið með öllu óásættanlega. Er þá áréttað að með dómi héraðsdóms hafi M fengið staðfestingu á því að slysinu hafi verið valdið af stórkostlegu gáleysi. Hefði hann því átt rétt á skaðabótum skv. a-lið 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga hefði X sett fram kröfu þar að lútandi. Undir rekstri málsins í héraði hafi dómari þá spurt lögmann V2 um af hverju atvinnutjón M hefði ekki verið að fullu bætt og hafi ekki fengist viðhlítandi skýringar á því. Allar líkur séu því á því að M hefði fengið þá fjárhæð greidda. M hafi þá ekki notið gjafsóknar í dómsmáli sínu og hafi ekki haft efni á áfrýjun þess. Aðspurt, á sínum tíma, hafi V þá ekki tekið afstöðu til áfrýjunar. Sé ósvífið af V að nota það gegn M nú að hann hafi ekki áfrýjað dómnum.

Í viðbótarathugasemddum V kemur m.a. fram að samskipti sem átt hafi sér stað eftir afturköllun umboðs breyti ekki þeirri staðreynd að umboðið hafi verið afturkallað og ekki endurnýjað. Umræddur tölvupóstur um afturköllun innifeli engin fyrirmæli til X um dómkvaðningu matsmanna eða staðfestingu á því að M hafi ætlað sér að beina frekari kröfum að V2. Af samskiptum aðila verði ekki ráðið að M hafi dregið afturköllunina til baka. Eftir tímamark afturköllunar, 30. nóvember 2023, hafi X sent gögn málsins til M samkvæmt beiðni hans. Án skýrs nýs umboðs hafi X ekki borið nein skylda til athafna. Er því þá sérstaklega mótmælt að X hafi beðið M um að senda formlega beiðni um málssókn í tölvupósti eftir afturköllun umboðsins. Meðan umboðið var í gildi hafi X ítrekað gert M grein fyrir því að til að fá breytta niðurstöðu varðandi tímabil óvinnufærni og tímamark stöðugleikapunkts þyrfti að dómkveðja matsmenn og M þyrfti sjálfur að standa straum af þeim kostnaði. Af samskiptum M og X verði ekki ráðið að M hafi gefið fyrirmæli um slíka dómkvaðningu. Ef sýnt væri fram á slík fyrirmæli sé þá í öllu falli ljóst að áður en þau gátu komið til framkvæmda hafi umboðið verið afturkallað. Ákvörðun um að hefja framangreint ferli hafi verið í höndum M sjálfs og ekki liggi fyrir nein staðfesting um formlega beiðni um aðgerðir á meðan umboðið var í gildi. Verði því ekki ráðið af gögnum málsins að um vanrækslu X hafi verið að ræða. Er þá áréttað að í umræddum héraðsdómi hafi kröfur M ekki verið teknar til efnislegrar meðferðar. Umræddur dómur geti því ekki talist fela í sér staðfestingu á því að bótaréttur á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga hafi verið til staðar.

Álit.

Samkvæmt 1. mgr. 25. gr. laga nr. 77/1998 um lögmann ber lögmaður ábyrgð á tjóni sem hann veldur umbjóðanda sínum með saknæmum hætti við störf sín. Til þess að bótaskylda verði felld á lögmann þarf að sýna fram á saknæma háttsemi, tjón og orsakatengsl þar á milli.

Óumdeilt er að X annaðist hagsmunagæslu M vegna umferðarslyss sem varð 15. október 2018 og að bótamál hans gagnvart V2 var gert upp, á grundvelli álitsgerðar örorkunefndar, dags. 10. janúar 2022, en M hafði talið afleiðingar slyssins stórlega vanmetnar í upphaflegri matsgerð. Fór bótauppgjör, með fyrirvörum, fram 10. mars 2022. Aðila greinir á um hvort X hafi vanrækt að fylgja þeim fyrirvörum eftir og hvort umboð hans hafi verið í gildi á þeim tíma sem ætlaðar kröfur M fyrndust.

Fyrir liggur að M stefndi V2 fyrir héraðsdóm á árinu 2024, og naut við það þjónustu núverandi lögmanns síns, en ekki X. Fyrir dómi byggði M m.a. á því að afleiðingar slyssins væru vanmetnar og að örorkunefnd hefði t.a.m. ekki metið tímabundið tekjutap með réttum hætti. Fyrir dómi var þá jafnframt krafist miskabóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Slík krafa hafði ekki verið gerð á fyrri stigum málsins. Byggði M á því að kröfur hans væru ekki fyrndar samkvæmt 99. gr. þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987 og lögum um fyrningu kröfuréttinda nr. 150/2007. Að öðru leyti er óþarft að rekja frekar grundvöll kröfugerðar M fyrir dómi hér.

Í dómi héraðsdóms, sem kveðinn var upp í júní 2025, er að finna talsverða umfjöllun um kröfur M vegna atvinnutjóns og ekki verður betur séð en að afstaða hafi verið tekin til hvers kröfuliðar í stefnu. Af orðalagi dómsins hvað þetta varðar má ráða að ákveðin atriði varðandi atvinnutjón M hafi verið óupplýst og verði hann að bera hallann af því. Fram kemur að óútskýrður sé mismunur að fjárhæð 2.044.082 kr. og byggir M í málskoti á því að dómurinn hefði fallist á kröfu hans varðandi þá fjárhæð að öðrum skilyrðum uppfylltum.

Hvað varðar kröfu M um miskabætur á grundvelli 1. mgr. 26. gr. skaðabótalagar kemur vissulega fram í dómnum að fallast megi á það með M að tjónvaldur í umræddu umferðarslysi hafi sýnt af sér stórfellt gáleysi í skilningi þess ákvæðis. Rétt er að taka fram að jafnvel þó byggt sé á því orðalagi felur það ekki sjálfkrafa í sér að M hefði, að öðrum skilyrðum uppfylltum, fengið dæmdar miskabætur á grundvelli þess ákvæðis, eða hver fjárhæð þeirra hefði orðið, enda er dómurinn ekki afdráttarlaus um það atriði. Er þá m.a. litið til þess að umrætt ákvæði felur aðeins í sér heimild til að gera tjónvaldi að greiða miskabætur á grundvelli þess.

Niðurstaða dómsins byggði þá á því að M hefði mátt vera ljóst í árslok 2019 að hann ætti hugsanlega viðbótarkröfu á hendur V2 vegna tímabundins atvinnutjóns og vegna miskabóta á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga. Um fyrningu beggja krafna færi samkvæmt 99. gr. þágildandi umferðarlaga og hefðu þær því verið fyrndar í lok árs 2023. Á grundvelli þess var V2 sýknað af kröfum M.

M byggir á því að af framangreindu sé sýnt fram á tjón hans, enda hefði verið fallist á kröfur hans, a.m.k. að hluta, fyrir dómi hefðu þær ekki verið fyrndar. Á grundvelli þess eigi hann rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu X, enda hefði ekki komið til fyrningar hefði X ekki sýnt af sér vanrækslu.

Fyrir nefndinni liggur „gagnapakki“ um samskipti M og X. Af þeim gögnum verður ráðið að M afturkallaði umboð sitt til X með tölvupósti dags. 20. október 2023 en í þeim pósti segir m.a.: „afturkalla ég hér með umboðið.“ Samkvæmt 5. mgr. 21. gr. laga um lögmann er umbjóðanda ætíð heimilt að afturkalla umboð sitt og verður að líta svo á að með því ljúki samningssambandi aðila.

Í kjölfarið sendi M þó fjölmarga aðra tölvupósta til X, en ekki verður séð að X hafi svarað þeim. Má þar m.a. nefna póst dags. 24. nóvember 2023 þar sem M óskar eftir því formlega að X sækji um gjafsókn, og tölvupóst, dags. 30. nóvember 2023, þar sem M æskir þess að X stefni V2. Er það áréttað í tölvupósti dags. 5. desember 2023. Verður að líta svo á að í þeim tölvupóstum hafi falist ný verkbeiðni, en samkvæmt 2. mgr. 20. gr. laga um lögmann er lögmanni að öðru leyti en leiðir af 1. mgr. sömu lagagreinar, aldrei skylt að taka að sér verk sem leitað er til hans um. Var X því ekki skylt að bregðast við þeim fyrirmælum sem M setti fram í fyrrgreindum samskiptum. Verður það ekki talið haggja framangreindri niðurstöðu að ekki verður séð af samskiptum aðila að X hafi staðfest móttöku afturköllunar, þó M hafi æst þess.

Í málskoti kemur fram, að M hafi leitað til annarra lögmannsstofa en engin þeirra hafi viljað taka að sér málið, að því er virðist þar sem annar lögmaður, X, væri með umboð. Meðal málsgagna í títtnefndu dómsmáli er vissulega að finna samskipti M við tvær lögmannsstofur í ágúst og september 2023 og má ráða af þeim að þær hafi hafnað því að taka mál hans að sér. Ekki verður þó fallist á að það hafi verið vegna þess að X væri þá með umboð, enda kemur m.a. fram í þeim samskiptum að M sé heimilt að leita til annarra lögmannna vilji þeir taka mál hans að sér. Er þá áréttað að eins og framan er rakið er umbjóðanda lögmanns heimilt að afturkalla umboð sitt hvenær sem er.

Af framangreindu telur nefndin því ljóst að M hafi afturkallað umboð sitt með tölvupósti dags. 20. október 2023. Af hálfu M hefur því verið borið við að ekki hafi verið um raunverulega afturköllun að ræða enda hafi umræddur tölvupóstur verið ritaður í reiði og kaldhæðni. Það breytir því ekki að orðalag hans hvað afturköllun varðar var býsna skýrt. Þótt aðilar greini á um hvort önnur samskipti, þ.e. í síma, hafi átt sér stað eftir afturköllunina og hvaða þýðingu þau hafi haft verður ekki ráðið af gögnum málsins

að umboðssamband hafi verið endurnýjað eða að X hafi tekið að sér frekari hagsmunagæslu fyrir M eftir afturköllun umboðsins.

Þá liggur ekki fyrir að M hafi sýnt fram á að hann hafi, meðan umboð var enn í gildi, gefið X skýr fyrirmæli um að óska eftir dómkvaðningu matsmanna eða grípa til annarra tiltekinna aðgerða sem X hafi látið undir höfuð leggjast að framkvæma. Verður heldur ekki séð að gögn málsins sýni með fullnægjandi hætti fram á að X hafi vanrækt skyldur sínar gagnvart M með þeim hætti að telja verði saknæman.

Að virtu öllu framangreindu er óhjákvæmilegt að hafna kröfu M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr starfsábyrgðartryggingu lögmannsins X hjá V.

Reykjavík, 15. júní 2026.
rafræn undirskrift

Guðmundur Sigurðsson

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Anna Lilja Ragnarsdóttir